

**Peningamarkaðsvíxlar**



**Verðbréfalýsing**  
**BYR 08 1008**

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>ÁHÆTTUÞÆTTIR .....</b>	<b>1</b>
1.1	SKULDARAÁHÆTTA.....	1
1.2	EFTIRMARKAÐUR.....	1
1.3	LAGALEGT UMHVERFI.....	1
<b>2</b>	<b>ÁBYRGIR AÐILAR .....</b>	<b>2</b>
2.1	ÁBYRGÐARAÐILI.....	2
2.2	YFIRLÝSING ÚTGEFANDA.....	2
2.3	YFIRLÝSING UMSJÓNARAÐILA.....	2
2.4	LÖGGILTUR ENDURSKOÐANDI .....	3
<b>3</b>	<b>HAGSMUNIR ÚTGEFANDA.....</b>	<b>3</b>
<b>4</b>	<b>FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA OG TAKA BRÉFA TIL VIÐSKIPTA .....</b>	<b>3</b>
4.1	HEILDARKOSTNAÐUR VEGNA TÖKU BRÉFA TIL VIÐSKIPTA .....	3
4.2	SKJÖL .....	3
<b>5</b>	<b>UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN.....</b>	<b>3</b>
5.1	HEILDARUPPHÆÐ .....	3
5.2	LÝSING Á VERÐBRÉFUNUM .....	4
5.3	LÖGGJÖF .....	4
5.4	TEGUND VERÐBRÉFA.....	4
5.5	FORGANGSRÖÐUN VERÐBRÉFA .....	4
5.6	RÉTTINDI TENGD VERÐBRÉFUNUM .....	5
5.7	VEXTIR.....	5
5.8	GJALDDAGAR OG GREIÐSLUR .....	5
5.9	ÁVÖXTUN .....	5
5.10	SKRÁNING.....	6
5.11	GRUNDVÖLLUR ÚTGÁFU VERÐBRÉFA.....	6
5.12	TAKMARKANIR Á FRAMSALI VERÐBRÉFA .....	6
5.13	VIÐSKIPTAVAKT .....	6
5.14	SKILMÁLAR .....	7
<b>6</b>	<b>UPPFÆRSLA Á ÚTGEFANDALÝSINGU .....</b>	<b>7</b>
6.1	ÁRSUPPGJÖR 2007 .....	7
6.2	STJÓRN.....	12
6.4	STOFNFJÁREIGENDUR.....	15
6.5	SAMRUNAR .....	16
6.6	HÖRFUR FYRIR ÁRIÐ 2008 .....	17

# 1 Áhættuþættir

Þeir áhættuþættir sem skipta máli og tengjast peningamarkaðsvíxlum Byrs sparisjóðs eru tilgreindir hér að neðan. Byr sparisjóður bendir fjárfestum á að fjárfesta ekki í peningamarkaðsvíxlunum nema að þeir búi yfir nægilegri þekkingu á fjármálamarkaði. Fjárfestum er einnig bent á að kynna sér fréttir og tilkynningar sem birtast opinberlega um félagið.

Áhættuþættir er tengjast rekstri Byrs sparisjóðs eru tilgreindir í 1. kafla útgefendalýsingar Byrs sparisjóðs, dagsettri 30.11.2007. Lýsinguna má nálgast á heimsaíðu Byrs, [www.byr.is](http://www.byr.is) og einnig hjá Byr sparisjóði, Borgartúni 18, 105 Reykjavík. Byr sparisjóður vill benda fjárfestum á að kynna sér vel alla umfjöllun um áhættuþætti í rekstri Byrs sparisjóðs í útgefendalýsingu sjóðsins áður en ákvörðun um kaup á peningamarkaðsvíxlum Byrs sparisjóðs er tekin.

## 1.1 Skuldaraáhætta

Skuldaraáhætta er sú áhætta að útgefandi geti ekki uppfyllt skyldur sínar um endurgreiðslu á gjalddaga. Byr sparisjóður ábyrgist endurgreiðslu peningamarkaðsvíxlanna á gjalddaga með tekjum sínum og eignum. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu víxlanna eru jafnrétt háar. Krafa á hendur Byr sparisjóð til endurgreiðslu víxlanna nýtur ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur Byr sparisjóð.

## 1.2 Eftirmarkaður

Víxlarnir hafa ekki verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði áður og engin trygging er fyrir því að eftirmarkaður myndist með viðskipti með víxlana. Byr sparisjóður er ekki skyldugur til að tryggja að eftirmarkaður verði til staðar. Markaðsverð og seljanleiki víxlanna getur breyst eftir markaðsaðstæðum og getur markaðsverð þeirra lækkað frá því verði sem kaupandi greiddi fyrir víxlana.

## 1.3 Lagalegt umhverfi

Um peningamarkaðsvíxlana gilda íslensk lög sem geta tekið breytingum eftir útgáfu lýsingar þessarar. Byr sparisjóði er ekki kunnugt um slíkar breytingar. Ekki er hægt að segja til um hvaða áhrif lagabreytingar gætu haft á verðgildi peningamarkaðsvíxlana og útgefanda þeirra.

## 2 Ábyrgir aðilar

### 2.1 Ábyrgðaraðili

Byr sparisjóður er útgefandi og ábyrgðaraðili, kt. 610269-2229, Borgartún 18, 105 Reykjavík.

### 2.2 Yfirlýsing útgefanda

Sparisjóðsstjórar, fyrir hönd útgefanda, nafngreindir hér að neðan, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 23.04.2008  
f.h. útgefanda Byrs sparisjóðs

Magnús Ægir Magnússon  
Sparisjóðsstjóri

Ragnar Z. Guðjónsson  
Sparisjóðsstjóri

### 2.3 Yfirlýsing umsjónaraðila

Umsjónaraðili lýsingar þessarar er Byr sparisjóður, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, 105 Reykjavík. Forstöðumaður Fjárstýringar, fyrir hönd umsjónaraðila, nafngreindur hér að neðan, lýsir því yfir að samkvæmt hans bestu vitund eru upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 23.04.2008  
f.h. Byrs sparisjóðs

Ásta Friðriksdóttir  
Forstöðumaður Fjárstýringar

## 2.4 Löggiltur endurskoðandi

Ársreikningur Byrs árið 2007 hefur verið endurskoðaður og áritaður án fyrirvara af KPMG Endurskoðun hf, kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík sem er löggiltur endurskoðandi sparisjóðsins.

## 3 Hagsmunir útgefanda

Byr sparisjóður, sem er útgefandi, annast bæði útgáfu og sölu víxlanna. Markmið útgáfunnar er að skapa Byr sparisjóð aukið svigrúm og aukna möguleika til útlána. Þannig hefur Byr sparisjóður, sem útgefandi og umsjónaraðili, hagsmuni af útgáfu og sölu víxlanna. Útgefandi er ekki óbeint eða beint undir yfirráðum einhvers annars aðila.

## 4 Fyrirkomulag viðskipta og taka bréfa til viðskipta

OMX Nordic Exchange Iceland hf hér eftir nefnd „OMX ICE“ hefur staðfest þessa lýsingu. Útgefandi hefur sótt um að víxlaflokkurinn BYR 08 1008 verði tekinn til viðskipta á aðalmarkaði OMX ICE. Víxlarnir verða teknir til viðskipta þann 23.04.2008.

### 4.1 Heildarkostnaður vegna töku bréfa til viðskipta

Áætlaður heildarkostnaður vegna skráningarinnar skiptist niður í nokkra þætti. Gjald vegna töku skuldabréfa til viðskipta í OMX ICE er 450.000 kr. Annar kostnaður OMX ICE er fastagjald ef hlutabréf útgefanda eru ekki í viðskiptum sem er 165.000 kr að auki 0,001% sem er markaðstengt gjald. Stofngjald peningamarkaðsvíxla hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. er 120.000 kr og úthlutun ISIN-auðkennis er 10.000 kr. Áætlaður kostnaður útgefanda vegna útgáfu víxlanna er 150.000 kr.

### 4.2 Skjöl

Þau skjöl sem mynda lýsingu þessa eru útgefandalýsing Byrs dagsett 30.11.2007 og verðbréfalýsing þessi. Lýsinguna má nálgast á heimsasíðu Byrs, [www.byr.is](http://www.byr.is) og einnig hjá Byr sparisjóði, Borgartúni 18, 105 Reykjavík.

## 5 Upplýsingar um verðbréfin

### 5.1 Heildarupphæð

Stjórn Byrs sparisjóðs tók á fundi þann 24.01.2008 ákvörðun um útgáfu peningamarkaðsvíxla að upphæð allt að kr. 24.000.000.000 – krónur tuttuguogfjórirmilljarðar. Fjárhæðin skiptist á tólf flokka sem hver um sig verður að hámarki tveir milljarðar króna að nafnvirði. Lýsing þessi nær einungis til flokksins BYR 08 1008. Heildarupphæð flokksins er 2.000.000.000 kr að nafnvirði og er hver nafnverðseining 5.000.000 kr. Það sem hefur þegar verið útgefið í flokknum er 1.500.000.000 kr.

## 5.2 Lýsing á verðbréfunum

Verðbréfin eru í formi víxla.

## 5.3 Löggjöf

Um víxlana gilda íslensk lög.

Rísi mál út af víxlum þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. Kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um fyrningu krafna gilda ákvæði víxillaga nr. 93/1933. Samkvæmt 70 gr. laganna fynast kröfur á hendur útgefanda og framseljanda á þremur árum frá gjalddaga víxils.

Skattaleg meðferð víxlanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Byr sparisjóður ber skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð, skv. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nema að eigandi víxlanna hafi falið öðrum banka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki innheimtu þeirra. Víxlarnir eru undanþegnir stimpilgjaldi samkvæmt kafla XV. 115. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Lýsing þessi hefur verið unnin í samræmi við VI. Kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og er eingöngu birt á íslensku.

Engin dóms- eða gerðardómsmál síðustu tólf mánuði er kunna hafa haft verulega áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda hafa komið upp.

## 5.4 Tegund verðbréfa

Peningamarkaðsvíxlarnir eru rafrænt skráðir hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. (Icelandic Securities Depository), Laugavegi 182, 105 Reykjavík. Einungis er heimilt að framselja víxlana til nafngreinds aðila og skal kennitala fylgja nafni. Reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar skv. lögum nr. 131/197 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, er einum heimilt að annast milligöngu um framsal víxlanna. Eignaskráning rafréfa hjá verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda þeirra lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Víxlarnir eru auðkenndir í kerfum Verðbréfaskráningar Íslands hf. og OMX ICE með auðkenninu BYR 08 1008. Engar hömlur eru á framsali víxlanna.

## 5.5 Forgangsröðun verðbréfa

Byr sparisjóður ábyrgist endurgreiðslu víxlanna með tekjum sínum og eignum.

Víxlarnir eru óverðtryggðir.

Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á peningamarkaðsvíxlum Byrs sparisjóðs.

## 5.6 Réttindi tengd verðbréfunum

Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á peningamarkaðsvíxlum Byrs sparisjóðs. Víxlarnir eru án afsagnar.

Víxlarnir eru undanþegnir stimpilgjaldi, sbr. 115 gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

## 5.7 Vextir

Víxlarnir eru án vaxta.

## 5.8 Gjald dagar og greiðslur

Byr sparisjóður mun með milligöngu Verðbréfasráningar Íslands hf. greiða andvirði peningamarkaðsvíxlanna á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur peningamarkaðsvíxlanna hafa VS reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á reikning eigenda. Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS reikning eiganda peningamarkaðsvíxils, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 397/2000 skal eigandinn snúa sér til Byr sparisjóðs til að fá greiðslu.

Verði greiðslu ekki vitjað hjá sparisjóðnum á réttum gjalddaga mun sparisjóðurinn hvorki greiða vexti né dráttarvexti frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist og hún fer fram.

Verði hins vegar um vanskil skuldara að ræða falla dráttarvextir á kröfuna í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

## 5.9 Ávöxtun

Ávöxtunarkrafa og sölugengi ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni. Ávöxtunarkrafan á söludegi er 14,88%. Notast er við Actual/360 reiknireglu. Hér að neðan má sjá nánari útreikninga:

Söludagur: 25.01.2008

Gjalddagi: 08.10.2008

Dagar: 257

9 mánaða REIBOR: 13,78%

Fyrirtækjaálag: 0,80%

Vextir: 14,58%

Verð =  $100 / (1 + 0,1458 * 257 / 360) = 90,57$

Ávöxtun á söludegi =  $(90,57 / 100)^{-1 / ((257) / 360)} - 1 = 14,88\%$

## 5.10 Skráning

Verðbréfaskráning Íslands hf. heldur utan um skráningu eiganda bréfanna og hvert greiðslur skuli berast. BYR 08 1008 víxlar að heildarupphæð 2.000.000.000 kr að nafnvirði hafa verið gefnir út og hafa nú þegar verið skráðir rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. ISIN númer flokksins er IS0000016947.

## 5.11 Grundvöllur útgáfu verðbréfa

Stjórn Byr sparisjóðs tók á fundi þann 24.01.2008 ákvörðun um útgáfu peningamarkaðsvíxla að upphæð allt að kr. 24.000.000.000 – krónur tuttuguogfjórirmilljarðar. Fjárhæðin skiptist á tólf flokka sem hver um sig verður að hámarki tveir milljarðar króna að nafnvirði.

Frum sala víxlanna fór fram þann 25.01.2008 með þeim hætti að Sparibréf ehf., kt. 440598-3159, Strandgötu 8-10, 220 Hafnarfirði, keypti víxla af Byr sparisjóði gegn staðgreiðslu í lokuðu útboði. Keyptar voru 300 nafnverðseiningar af BYR 08 1008 víxlum sem samsvarar 1.500.000.000 kr.

## 5.12 Takmarkanir á framsali verðbréfa

Engar takmarkanir eru á endursölu víxlanna. Víxlarnir eru nafnbréf. Óheimilt er að framselja víxil á handhafa.

## 5.13 Viðskiptavakt

Byr sparisjóður, Borgartúni 18, 105 Reykjavík mun verða viðskiptavaki víxlanna í OMX ICE. Sparisjóðurinn skuldbindur sig til að setja fram daglega kaup- og sölutilboð í viðskiptakerfi OMX ICE að lágmarki 100 mkr. Að markaðsvirði fyrir hvern flokk og endurnýja tekin tilboð innan 10 mínútna. Hafi heildarfjárhæð viðskipta með hvern flokk fyrir sig numið meiru en 200 mkr. að markaðsvirði samtals yfir daginn áskilur Byr sparisjóður sér rétt til að hætta framsetningu tilboða til næsta virka dags. Verðmunur á kaup- og sölutilboðum skal ekki vera meiri en 0,10%. Viðskiptavakt þessari verður sagt upp með minnst mánaðar fyrirvara.



## 5.14 Skilmálar

Útgefandi:	Byr sparisjóður
Auðkenni	BYR 08 1008
ISIN-númer:	IS0000016947
Mynt:	ISK
Þegar útgefið:	ISK 1.500.000.000
Hámarksfjárhæð flokks:	ISK 2.000.000.000
Ávöxtunarkrafa á söluþegi:	14,88%
Vaxtaregla:	Actual/360
Nafnverðseiningar:	ISK 5.000.000
Útgáfudagur:	08.04.2008
Gjaldldagi:	08.10.2008

## 6 Uppfærsla á útgefandalýsingu

Byr sparisjóður hefur ákveðið að nýta sér heimild 49. gr laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Þar segir að útgefandi sem hefur þegar undir höndum útgefandalýsingu sem lögbært yfirvald á Evrópska efnahagssvæðinu hefur staðfest, þarf einungis að semja verðbréfalýsingu og samantekt þegar verðbréfin eru boðin í almennu útboði eða tekin til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Byr mun notast við samþykka útgefandalýsingu dagsetta þann 30.11.2007. Þær breytingar sem hafa orðið frá þeim tíma verða felldar inn í lýsingu þessa.

### 6.1 Ársuppgjör 2007

Þann 14. mars 2008 var ársuppgjör Byrs birt fyrir árið 2007. Þetta munu vera nýjar upplýsingar sem ekki komu fram í áður útgefinni útgefandalýsingu dagsett 30.11.2007 og verða því uppfærðar hér.

Ársreikningur 2007 er felldur inn með tilvísun. Skjalið má nálgast á heimasíðu Byrs sparisjóðs, [www.byr.is](http://www.byr.is) og einnig hjá Byr sparisjóði, Borgartúni 18, 105 Reykjavík. Upplýsingar úr ársreikningnum má sjá nánar hér að aftan.

## Rekstrarreikningur fyrir árið 2007

	Skýr.	2007 1.1.-31.12.	2006 1.1.-31.12.
Vaxtatekjur .....		12.995.985	8.219.221
Vaxtagjöld .....		(10.292.694)	(6.431.484)
<b>Hreinar vaxtatekjur.....</b>	<b>43</b>	<b>2.703.291</b>	<b>1.787.737</b>
Þjónustutekjur .....		842.127	847.941
Þjónustugjöld .....		(288.381)	(169.769)
<b>Hreinar þjónustutekjur.....</b>	<b>44</b>	<b>553.746</b>	<b>678.172</b>
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....	45-48	5.972.876	797.877
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага .....	68	363.805	2.130.886
Ýmsar rekstrartekjur .....	49	4.291.192	106.910
<b>Aðrar rekstrartekjur samtals.....</b>		<b>10.627.873</b>	<b>3.035.673</b>
<b>Hreinar rekstrartekjur.....</b>		<b>13.884.910</b>	<b>5.501.582</b>
Laun og launatengd gjöld .....	51	(1.453.621)	(1.155.056)
Annar rekstrarkostnaður .....		(1.940.083)	(993.173)
Afskriftir .....	69	(60.807)	(64.511)
<b>Rekstrargjöld samtals.....</b>		<b>(3.454.511)</b>	<b>(2.212.740)</b>
Virðisrymnun útlána .....	62	(816.763)	(89.153)
<b>Hagnaður fyrir skatta.....</b>		<b>9.613.636</b>	<b>3.199.689</b>
Tekjuskattur .....	54	(1.684.521)	(523.391)
<b>Hagnaður ársins.....</b>		<b>7.929.115</b>	<b>2.676.298</b>
<b>Tilheyrandi</b>			
Stofnfjáreigendur og varasjóður .....		7.929.115	2.661.937
Minnhluta .....		0	14.361
		<u>7.929.115</u>	<u>2.676.298</u>

## Efnahagsreikningur

### 31. desember 2007

Eignir	Skýr.	31.12.2007	31.12.2006
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka .....	56	3.611.888	1.451.079
Kröfur á lánastofnanir .....	57-58	28.518.770	8.812.690
Útlán til viðskiptamanna .....	59-62	117.737.319	72.988.464
Veltufjäreignir .....	63	5.238.999	5.179.754
Fjäreignir tilgreindar á gangvirði .....	65	14.345.443	5.647.430
Hlutdeildarfélag .....	68	3.072.921	7.418.574
Rekstrarfjármunir .....	69	1.859.428	771.609
Óefnislegar eignir .....	70	4.756.197	1.508.546
Fjárfestingafasteignir .....		1.429.426	165.250
Aðrar eignir .....	71	4.282.090	245.089
<b>Eignir samtals.....</b>		<b>184.852.481</b>	<b>104.188.485</b>
<b>Skuldir</b>			
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka .....	72	10.827.527	8.335.902
Almenn innlán .....	73	70.102.064	46.837.836
Lántökur .....	74-75	41.540.666	30.020.742
Víkjandi lán .....	76	2.256.441	1.567.916
Lífeyrisskuldbinding .....	77	1.170.380	923.134
Skattskuld .....	78-80	3.477.117	1.609.640
Aðrar skuldir .....	81	2.281.341	945.461
<b>Skuldir samtals.....</b>		<b>131.655.536</b>	<b>90.240.631</b>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		27.287.009	231.377
Varasjóður .....		25.909.936	13.685.613
<b>Eigið fé hluthafa.....</b>		<b>53.196.945</b>	<b>13.916.990</b>
Hlutdeild minnihluta .....		0	30.864
<b>Eigið fé samtals.....</b>	82	<b>53.196.945</b>	<b>13.947.854</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals.....</b>		<b>184.852.481</b>	<b>104.188.485</b>

## Sjóðstreymisýfirlit fyrir árið 2007

Rekstrarhreyfingar:	2007	2006
Hagnaður fyrir skatta.....	9.613.636	3.199.689
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Verðbætur og gengismunur .....	(2.613.689)	1.598.050
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi .....	(363.805)	(2.130.886)
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna .....	(52.394)	0
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	47.856	44.372
Afskriftir óefnislegra eigna .....	12.952	20.139
Virðisryrnum útlána.....	816.763	89.153
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Veltufjareignir .....	1.178.250	641.318
Útlán og kröfur .....	(46.062.333)	(8.797.780)
Fjareignir á gangvirði .....	(1.171.054)	
Aðrar eignir .....	(3.235.684)	116.641
Innlán .....	8.364.769	4.366.062
Lántaka .....	7.022.800	1.322.449
Lífeyrisskuldbinding .....	247.246	0
Skattskuld .....	(82.301)	0
Aðrar skuldir .....	1.351.297	329.099
<b>Handbært fé frá (til) rekstrar.....</b>	<b>(24.925.691)</b>	<b>798.306</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>		
Fjárfesting í hlutdeildarfélagum.....	(520.904)	(797.456)
Fjárfesting í óefnislegum eignum.....	(221.337)	(22.512)
Söluverð óefnislegra eigna.....	118.000	0
Fjárfesting í rekstrarfjármunum.....	(1.169.195)	(17.032)
Söluverð rekstrarfjármuna .....	76.470	0
Fjárfestingafasteignir.....	(1.264.176)	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar.....</b>	<b>(2.981.142)</b>	<b>(837.000)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>		
Vikjandi lán.....	(52.441)	(128.035)
Innborgað stofnfé.....	26.279.989	4.034
Hlutdeild minnihluta.....	(30.864)	
Arðgreiðslur .....	(38.871)	(23.754)
<b>Fjármögnunarhreyfingar.....</b>	<b>26.157.813</b>	<b>(147.755)</b>
Hækkun á handbæru fé.....	(1.749.020)	(186.449)
Handbært fé í ársbyrjun .....	8.026.169	5.002.603
Yfirtekið við samruna.....	73.944	3.210.015
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<b>6.351.093</b>	<b>8.026.169</b>

### 6.1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Einnig hefur ársreikningurinn verið endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda Byrs sparisjóðs, KPMG Endurskoðun hf.

Þann 14. nóvember samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Byrs sparisjóðs og Sparisjóðs Kópavogs þó er enn beðið eftir afgreiðslu Samkeppniseftirlitsins. Reikningsskilalega voru sjóðirnir sameinaðir frá 1. nóvember 2007 og er rekstur Sparisjóðs Kópavogs frá 1. janúar til 31. október 2007 því ekki meðtalinn í ársreikningnum. Ársreikningurinn er samstæðureikningur og hefur að geyma ársreikning Byrs sparisjóðs og dótturfélaga hans. Hvorki Sparisjóður Norðlendinga né Byr verðbréf, áður verðbréfabjónusta sparisjóðanna eru meðtaln í eftirfarandi ársreikningi.

Ekki hafa átt sér stað mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils.

### 6.1.2 Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi

Hagnaður Byrs árið 2007 nam 9.614 m.kr. fyrir tekjuskatt en nam 3.200 m.kr. árið 2006 og nemur aukningin 200,5%. Að teknu tilliti til skatta var hagnaður tímabilsins 7.929 m.kr. í samanburði við 2.676 mkr. árið 2006. Hagnaður eftir skatta jókst því um 196,3% á árinu.

Vaxtatekjur 2007 námu alls 12.996 m.kr. og jukust um 58,1% á árinu. Vaxtagjöld jukust um 60% og námu alls 10.293 m.kr. Hreinar vaxtatekjur námu 2.703 m.kr. en voru 1.788 m.kr. árið 2006. Vaxtamunur, þ.e. vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum í hlutfalli af meðalstöðu heildarfjármagns, var 1,9%, en var 2,5% árið 2006. Hreinar þjónustutekjur, þ.e. þjónustutekjur að frádregnum þjónustugjöldum námu alls 554 m.kr. samanboreið við 678 m.kr. árið 2006. Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði námu 5.539 m.kr. árið 2007 en námu 440 m.kr. árið 2006. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna námu 364 m.kr. og drógust saman um 83%. Aðrar rekstrartekjur námu 4.291 m.kr. samanboreið við 107 m.kr. árið 2006.

Laun og launatengd gjöld 2007 námu 1.454 m.kr. en fyrir árið 2006 námu þau 1.155 m.kr. sem jafngildir 26% hækkun. Afskriftir rekstrarfjármuna námu 61 m.kr. sem er 6% lækkun. Annar rekstrarkostnaður nam 1.940 m.kr. samanboreið við 993 m.kr. árið 2006 og nemur aukningin 95%. Rekstrargjöld námu samtals 3.455 m.kr en námu 2.213 m.kr. árið 2006. Rekstrargjöld sem hlutfall af meðalstöðu efnahags voru 2,39% á ársgrundvelli og hefur það hlutfall lækkað þar sem það nam 3,1% árið 2006. Kostnaðarhlutfall var 24,9% en var 40,2% árið 2006.

Virðisrýrnun útlána nam 817 m.kr. árið 2007 en rýrnunin nam 89 m.kr. árið 2006 en það ár voru teknar í notkun nýjar reglur við útreikning á virðisrýrnun í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða (IFRS). Afskriftarreikningur útlána nam 1.757 m.kr. sem er 1,5% af heildarútlánnum og veittum ábyrgðum, en var 1,0% í árslok 2006.

### 6.1.3 Efnahagur

Útlán til viðskiptavina námu 117.737 m.kr. og hafa aukist um 61% á árinu 2007. Helstu útlánaformin eru verðtryggð lán, gengistryggð lán og reikningslán. Veltufjáreign nam 5.239 m.kr. og hefur aukist um 1% frá fyrra ári þ.e 2006. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði námu 14.345 m.kr. og hafa aukist um 154% frá árinu 2006. Hlutdeildarfélag námu 3.073 m.kr og hafa dregist saman um 4.346 mkr. frá lok árs 2006 eða sem nemur 59%. Í nóvember 2007 seldi Byr rúmlega 30% hlut í Icebank og eftir sölu á Byr 5,4% hlut í bankanum. Öll eign Byrs í skráðum verðbréfum var færð á markaðsgengi. Fjárfestingareignir og aðrar eignir námu 5.712 m.kr.

Innlán viðskiptamanna ásamt lántöku námu 111.643 m.kr. samanborið við 76.858,6 m.kr. í árslok 2006. Innlán viðskiptamanna námu 70.102 m.kr. og hafa aukist um 50% á árinu 2007. Lántökur námu 41.541 m.kr. samanborið við 30.021 m.kr. í árslok 2006 og hafa aukist um 38%. Heildarfjármagn í árslok 2007 nam 184.852 m.kr. og hefur aukist um 80.664 m.kr. á árinu eða um 77%.

### 6.1.4 Eigið fé

Eigið fé Byrs í lok árs 2007 var 53.197 m.kr. og hefur vaxið um 39.249 m.kr. á árinu eða um 281%. Arðsemi eiginfjár á ársgrundvelli er 44,0%. Eiginfjárhlutfall samkvæmt CAD-reglum var 40,2% en var 14,3% í ársbyrjun 2007. CAD-hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt lögum. Stofnfé var aukið í tvígang á síðastliðnu ári. Samtals var gefið út nýtt stofnfé að söluverði 26.697 m.kr. Mikil eftirspurn var í báðum útboðunum og seldist allt útgefið stofnfé. Í kjölfar útboðanna hefur eiginfjárstaða og lausafjárstaða Byrs styrkst.

## 6.2 Stjórn

Aðalfundur Byrs var haldinn þann 9. apríl 2008 og var þar gerð smávægileg breyting á samþykktum Byrs og var einnig skipuð ný stjórn.

Gerð var breyting á 1. og 3. mgr. 23. gr. Samþykktu Byrs þar sem sú breyting varð að auk fimm stjórnarmanna voru kjörnir tveir varamenn.

Stjórn Byrs sparisjóðs skipa:

Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður  
Egill Ágústsson, varaformarður  
Jóhanna Waagfjörð, ritari  
Ágúst Már Ármann, meðstjórnandi  
Jón Kristjánsson, meðstjórnandi

Til vara,  
Jón kr. Sólnes  
Birgir Ómar Haraldsson

Hér á eftir má sjá töflu sem sýnir nýja stjórn ásamt fyrir hvaða félag hver og einn er fulltrúi fyrir og einnig stofnfjáreign hvers og eins ásamt stofnfjáreign tengdra aðila ef einhver er.

Stjórn Byr sparisjóðs	Hlutverk í stjórn	Fulltrúi fyrir:	Stofnfjáreign	
			Stofnfjáreign tengdra aðila 11.04.2008	Stofnfjáreign tengdra aðila 11.04.2008
Jón Þorsteinn Jónsson	Stjórnarformaður	Saxhóll ehf.	81.878.592	1.147.297.572
Egill Ágústsson	Varaformaður	Myllan hf.	47.423.326	419.552.861
Jóhanna Waagfjörð	Ritari	Hagar ehf.	1.129.976	207.475.442
Ágúst Már Ármann	Meðstjórnandi	-	235.000	-
Jón Kristjánsson	Meðstjórnandi	Sund ehf.	31.305.287	1.331.143.980
Jón kr. Sólves	Varamaður	-	62.185.116	-
Birgir Ómar Haraldsson	Varamaður	-	64.539.876	1.922.181

Tafla 1: Stjórn Byrs sparisjóðs

Heimild: Fjármálasvið Byrs sparisjóðs

Engar aðrar breytingar hafa orðið á helstu starfsmönnum Byrs sparisjóðs.

### 6.2.1 Upplýsingar um stjórn og stjórnendur

Eftirfarandi eru upplýsingar um stjórnarmeðlimi Byrs sparisjóðs.

#### Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður

Nóatún 17, 105 Reykjavík

Menntun: Matreiðslumaður frá Hótel- og veitingaskóla Íslands.

Eign í Byr sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 1.229.176.164 kr að nafnvirði þann 11.apríl 2008.

Jón Þorsteinn starfaði sem verslunarstjóri ýmissa Nóatúnsverslana á árunum 1990-1999 er hann tók við stöðu markaðsstjóra hjá Nóatúni. Frá árinu 2001 hefur hann verið stjórnarformaður í fjárfestingafélaginu Saxhóli ehf., Nóatúni 17, 105 Reykjavík. Jón Þorsteinn er formaður stjórnar í Byr sparisjóði og situr í henni fyrir hönd Saxhóls ehf.

#### Egill Ágústsson, varaformaður

Skeifunni 19, 108 Reykjavík

Menntun: Viðskiptafræðimenntun frá West Ham College London.

Eign í Byr sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 466.976.184 kr að nafnvirði þann 11.apríl 2008.

Egill Ágústsson er framkvæmdastjóri og hluthafi í Íslensk Ameríska, Tunguháls 11, 110 Reykjavík. Hann hefur frá upphafi borið ábyrgð á allri uppbyggingu og stefnumótun Íslensk Ameríska og fyrirtækja sem félagið hefur keypt á undanförunum árum. Egill hefur setið í stjórn ýmissa félaga en var kosinn í stjórn Byrs sparisjóðs árið 2006 sem fulltrúi Myllan-brauð ehf. Egill gegnir embætti varaformanns í stjórn Byrs sparisjóðs.

**Ágúst Már Ármann, meðstjórnandi**

Sundaborg 7, 104 Reykjavík

Menntun: Verslunarskóli Íslands 1969 og Verslunarnám í Englandi 1970-1971.

Eign í Byr sparisjóði: 235.000 kr að nafnvirði þann 11. apríl 2008.

Ágúst hefur framan af starfað sem mest við verslun og viðskipti. Nýverið hefur Ágúst verið framkvæmdarstjóri heildarverslunarinnar Ágúst Ármann ehf og Bik ehf.

**Jóhanna Waagfjörð, ritari**

Hagasmára 1, 201 Kópavogur

Menntun: Þjóðhagfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1991 og MBA gráða frá Pennsylvaníu, árið 1995.

Eign í Byr sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 208.605.418 kr. að nafnvirði þann 11. apríl 2008.

Á árunum 1991-1993 starfaði Jóhanna sem fjármálaráðgjafi hjá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka auk þess sem hún tók að sér stundakennslu við Verslunarskóla Íslands veturinn 92/93. Að loknu MBA námi hóf Jóhanna störf hjá Rubbermaid Incorporated og vann fyrsta árið við kostnaðar- stýringu/eftirlit hjá Rubbermaid Office Products í Tennessee. Á árunum 1996-1999 starfaði Jóhanna sem sérfræðingur á fjármálasviði og aðstoðarmaður fjármálastjóra hjá Little Tikes Commercial Play Systems í Missouri, sem er einnig fyrirtæki innan Rubbermaid samsteypunnar.

Í byrjun ársins 1999 hóf hún störf hjá Fjárfestingabanka Atvinnulífsins [FBA] sem sérfræðingur við verðmöt og yfirtökur [mergers and acquisitions]. Í lok ársins 1999 tók Jóhanna stöðu fjármálastjóra hjá sænska fyrirtækinu Scandsea International í Helsingborg og starfaði hjá því fyrirtæki þar til hún hóf störf sem fjármálastjóri hjá Baugi hf. í september 2001 til 2003 þegar hún tók stöðu framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá Högum(dótturfélag Baugs). Jóhanna tók síðan við starfi framkvæmdastjóra Haga 10. ágúst 2005.

Stjórnarseta Jóhönnu hefur verið í Hagkaup, Bónus, 10-11, Aðföng, Ferksar kjötvörur, Hýsingu, Íshöfn, RES, Debenhams, Útilíf, Max, Steinu Sigurðar, Sænsk-Íslenska verslunarfélagið, Auður í krafti kvenna.

**Jón Kristjánsson, meðstjórnandi**

Kringlan 4, 103 Reykjavík

Eign í Byr sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 1.362.449.267 kr að nafnvirði þann 11. apríl 2008.

Jón Kristjánsson hefur verið stjórnarformaður í Sund ehf síðan 1995 sem er fjárfestingarfélag sem Jón á sjálfur hluti í. Hann hefur hefur einnig setið í stjórn hjá mörgum öðrum fyrirtækjum.



**Til vara:**

**Jón Kr. Sólnes**

Skipagötu 9, 600 Akureyri

Menntun: Lögfræðipróf frá Háskóla Íslands 1975.

Eign í Byr sparisjóði: 62.185.116 kr að nafnvirði þann 11. apríl 2008.

Jón starfaði sem héraðsdómslögmaður frá 1976 og hæstaréttarlögmaður frá 1984. Frá 1. júní 2007 hefur Jón starfað sem framkvæmdarstjóri fyrir Njarðarnes ehf.

Jón hefur setið í stjórn Sparisjóðs Norðlendinga og forvera hans frá árinu 1978.

**Birgir Ómar Haraldsson**

Kringlunni 4, 103 Reykjavík

Menntun: BSc (Hons) í verkfræði frá Strathclyde University í Glasgow 1981 og MSc gráða í fjármálum og alþjóðlegum viðskiptum frá City University Business School (nú Cass Business School) í London árið 1987. Löggilding í verðbréfamiðlun árið 1997.

Eign í Byr sparisjóði ásamt eign fjárhagslega tengdra aðila: 66.462.057 kr. að nafnvirði þann 11. apríl 2008.

Birgir Ómar er starfsmaður Sunds ehf. og hefur starfað við og verið í stjórn fjármálafyrirtækja, framtakssjóða sem og fyrirtækja sem ekki starfa á fjármálamarkaði.

Stjórnarsetur eru margar og einkum vegna starfa sinna í framtaksfjárfestingum og eru vel flestar stjórnarsetur að baki. Stjórnarsetur í fjármálafyrirtækjum eru VBS fjárfestingabanki hf., SPK nú Byr sparisjóður, Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna (VSP) auk þess að hafa verið stjórnarmaður í ýmsum fyrirtækjum t.d. ORF líftækni hf., HIVE, Betware, Framtakssamlag EFA, Alþjóðafjárfestingarsamlag EFA og fleiri fyrirtækjum héraðs og erlendis.

Enga hagsmunaaðrekstra er um að ræða milli skyldustarfa fyrir útgefanda og persónulegra hagsmuna hjá stjórnarmönnum, framkvæmdarstjórum og eftirlitsstjórn.

## 6.4 Stofnfjáreigendur

Heildarnafnverð útgefna bréfa er 15.636.256.590 og er fjöldi stofnfjáreigenda 1.510 þann 7. apríl 2008 og eru þar stofnfjáreigendur Sparisjóðs Norðlendinga meðtaldir. Tuttugu stærstu stofnfjáreigendurnir eiga samtals 53,881% af útgefnu stofnfé eins og fram kemur í töflu 2.

<b>Stofnfjáreign 7. apríl 2008</b>	<b>Nafnverð</b>	<b>%</b>
Imon ehf.....	1.206.647.701	7,717%
Saxhóll ehf.....	1.099.807.756	7,034%
Sund ehf.....	774.186.126	4,951%
IMIS ehf.....	721.662.614	4,615%
Bygg invest ehf.....	638.706.890	4,085%
Landsbanki Lux (Kilimanjaro S.a.r.l.).....	556.957.854	3,562%
Fjárfestingafélagið Klettur ehf.....	527.786.435	3,375%
Fjárfestingafélagið Primus ehf.....	484.718.735	3,100%
Myllan-brauð ehf.....	414.761.809	2,653%
Glitnir hf.....	313.097.919	2,002%
Sólstafir ehf.....	299.426.267	1,915%
Fons eignarhaldsfélag ehf.....	211.114.487	1,350%
Glitnir Eignarhaldsfélag ehf.....	207.475.442	1,327%
Hagar ehf.....	207.475.442	1,327%
Björn Þorri Viktorsson.....	151.114.487	0,966%
Sameinaði Lífeyrissjóðurinn.....	141.372.454	0,904%
Miðbúðin ehf.....	140.521.406	0,899%
VBS Fjárfestingarbanki hf.....	117.109.038	0,749%
Helgi Vilhjálmsson.....	105.557.287	0,675%
Þórður Magnússon.....	105.557.287	0,675%
Tuttugu stærstu samtals.....	8.425.057.436	53,881%
Aðrir stofnfjáreigendur samtals.....	7.211.199.154	46,119%
Heildarnafnverð stofnfjár.....	15.636.256.590	100,00%

Tafla 2: Stærstu Stofnfjáreigendur Byrs sparisjóðs 07.04.2008

Heimild: Fjármálasvið Byrs sparisjóðs

## 6.5 Samrunar

Líkt og áður hefur komið fram veitti Fjármálaeftirlitið samþykki fyrir samruna Byrs og Sparisjóðs Kópavogs þann 14. nóvember 2007.

Þann 6. febrúar 2008 veitti Fjármálaeftirlitið samþykki fyrir kaupum Byrs á rekstri Verðbréfaþjónustu sparisjóðanna og hefur starfsemi félagsins runnið inn í verðbréfasvið Byrs. Beðið er eftir afgreiðslu Samkeppniseftirlitsins.

Þann 3. október 2007 skrifuðu stjórnir Byrs og Sparisjóðs Norðlendinga undir áætlun um samruna sparisjóðanna og hefur samruni sparisjóðanna verið samþykktur af stofnfjáreigendum beggja sparisjóða. Þann 19. mars 2008 samþykkti Fjármálaeftirlitið samrunann og þá er einungis beðið eftir staðfestingu Samkeppniseftirlitsins.

## 6.6 Horfur fyrir árið 2008

Rekstur Byrs gekk mjög vel á árinu 2007. Er um að ræða mesta hagnað í sögu félagsins og hefur hagnaðurinn ríflega þrefaldast frá fyrra ári. Í áætlunum Byrs fyrir árið 2008 er það mat stjórnenda að afkoman verði ágæt að teknu tilliti til erfiðra markaðsaðstæðna á fjármálamörkuðum almennt. Stjórnendur meta það einnig að Byr búi að sterkri lausafjárstöðu og góðri afkomu undanfarinna ára auk nýafstaðinna stofnfjárukninga sem hafa styrkt eiginfjárstöðu Byrs umtalsvert. Byr er því vel í stakk búinn til að takast á við krefjandi aðstæður á mörkuðum. Fjármögnun Byrs er traust og endurfjármögnunarpörf ársins 2008 er óveruleg. Byr mun sem fyrr leggja áherslu á að uppfylla margvíslegar þarfir viðskiptavina sinna með persónulegri og sveigjanlegri þjónustu þar sem byggt er á trausti og trúnaði.

Engar verulegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda hafa orðið síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt. Jafnframt hafa engar aðrar breytingar orðið á starfssemi Byrs sparisjóðs sem kunna að skipta máli.